




Græni trefillinn

Breytt skilgreining



Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024



Mynd 3.6. Grænir gearar. Skýringarmynd í greinargerð svæðisskipulags

Samþykktar og staðfestingarferli
Svæðisskipulagsbreyting þessi er afgreidd sbr. 14. gr. 2.mgr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann _____ 200__.

Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann _____ 200__.

Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann _____ 200__.

Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann _____ 200__.

Tillagan var samþykkt í borgarráði Reykjavíkur þann _____ 200__.

Telji einstakir aðilar sig verða fyrir tjóni samfara þessari breytingu munu yfirvöld viðkomandi sveitarfélaga taka að sér að bæta það tjón.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar

Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri Reykjavíkur

Svæðisskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar Umhverfisráðherra þann _____ 200__.

Svæðisskipulagsbreyting þessi var staðfest af Umhverfisráðherra þann _____ 200__.

“Græni trefillinn” - skilgreining hugtaks (sjá bls. 16 í greinargerð):

“Skipulagt útivistarsvæði þar sem skiptast á skógur og opin svæði. Litið er á “græna trefillinn” sem frístundasvæði þar sem lögd er áhersla á gott aðgengi. Megin reglan er að ekki skuli reisa frekari byggð innan “græna trefilsins” nema í sérstökum tilgangi og á völdum svæðum”

BREYTING Á SVÆÐISSKIPULAGI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2001-2024

Breyting í samræmi við 14.gr. 2. mgr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Breytingar á skilgreiningum varðandi græna trefillinn.

Græni trefillinn. Breytt skilgreining

Greinargerð:
Græni trefillinn er samheiti yfir skógræktar- og útivistarsvæði við útmörk höfuðborgarsvæðisins. Hugtakið var staðfest sem hluti svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 í byrjun árs 2003 og sama ár var undirritaður formlegur samningur um Græna trefillinn milli skógræktarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Græni trefillinn er ekki landnotkunarflokkur sem á sér stoð í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.br. heldur almenn stefnumörkun sem sett er fram á svæðisskipulagstigi. Stefnumörkun um samliggjandi útivistar- og skógræktarbelti á höfuðborgarsvæðinu sem allir íbúar svæðisins skulu njóta. Nánari útfærsla stefnumörkunar um græna trefillinn og skilgreining formlegrar landnotkunar sbr. skipulagsreglugerð, er vísað til aðal- og deiliskipulags viðkomandi sveitarfélaga (sjá bls. 59-60 í greinargerð svæðisskipulagsins).

Græni trefillinn, eins og hann er afmarkaður á svæðisskipulagsupprætti, nær til gríðarlega stórs landsvæðis og ljóst að innan hans er og mun verða fjölbreytt landnotkun. Í aðalskipulagi sveitarfélaganna eru svæði innan græna trefilsins ýmist skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota eða sem óbyggð svæði. Afmarkaðri svæði innan trefilsins er síðan jafnvel skilgreind sem byggðasvæði. Þetta er í samræmi við það sem kemur fram í greinargerð svæðisskipulagsins, að koma má “fyrir byggingum og öðrum mannvirkjum í sérstökum tilgangi á völdum stöðum innan “græna trefilsins” í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag á þessum tilteknu svæðum og stefnumörkun svæðisskipulagsins” (bls. 59).

Uppbygging græna trefilsins sem útivistar- og skógræktarsvæðis, sem þjónar öllu höfuðborgarsvæðinu, er langtíma verkefni. Svæði græna trefilsins er gríðarlega umfangsmikið og klárt að innan hans er í dag margvísleg byggð, starfsemi og nýting sem strangt til tekið fer í bága við stefnuákvæði og framtíðarmarkmið. Slík notkun er hinsvegar yfirleitt víkjandi. Ákvæði svæðisskipulags eru skýr varðandi það að ekki er gert ráð fyrir frekari byggð (þéttbýli) innan trefilsins en hinsvegar er mannvirkjagerð tengd útivistar- og frístundaíöju leyfileg. Það liggur enn fremur í skilgreiningu græna trefilsins að ræktun og umbreyting lands mun ávallt eiga sér stað innan hans þannig að ekki er verið að fríða land í því ástandi sem það er nú. Græni trefillinn er ekki stefnumörkun um verndun náttúru heldur stefna um skipulagningu og framkvæmd sameiginlegs útivistarsvæðis alls höfuðborgarsvæðisins, sem felur í sér verulegar framkvæmdir þ.m.t. skógrækt og uppgræðsla lands.

Meðfylgjandi tillaga að breytingu á svæðisskipulaginu felur ekki í sér breytingu á hinni eiginlegu skilgreiningu græna trefilsins (sjá hér til hliðar) né breytingu á afmörkun hans. Tilgangur breytinga er að einfalda og skýra þann texta sem kemur fram í greinargerð svæðisskipulags á bls. 59-61. Megin tilgangurinn er að undirstrika að frekari útfærsla stefnumörkunar og nánari skilgreiningu landnotkunar innan trefilsins sé í höndum sveitarfélaganna og sett fram í viðkomandi aðal- og deiliskipulagsáætlunum. Af gefnu tilefni er einnig bætt inn nýrri setningu varðandi heimild um tímabundna losun ómengaðs jarðvegs á svæðinu. Losun jarðvegs hefur verið stunduð á afmörkuðum svæðum innan trefilsins á undanföllum árum, bæði fyrir og eftir staðfestingu svæðisskipulagsins 2003.

Svæðisskipulagsbreyting:

Kaflí 3.2.10, bls 59-60 (fyrir breytingu):

“...Auk þess, sem að framan greinir getur komið til álita að reisa eftirtaldir byggingar og mannvirki innan “græna trefilsins” í takmörkuðum mæli. Þessi mannvirki skulu ávallt staðsett í jaðri “græna” trefilsins með góðum veltungum:

- Þjónustu- og upplýsingarmiðstöðvar fyrir svæðin
- Garðyrkju- og skógræktarskóli
- Farfuglaheimili
- Hvíldarheimili
- Skemmtigarðar
- Aðstaða fyrir skipulagða frístundaíöju (t.d. golfvöllur)
- Byggðarsafn
- Hesthús

Það er skýrt skilyrði að ekki verði tekið land undir ofangreinda starfsemi umfram það sem nauðsyn ber til og að ekki verði reistar byggingar og mannvirki sem spilla umhverfinu, svo sem rismiklar áhorfendastúkur og fiðlýsingarþúnaður. Að lokum skal vera leyfilegt að reisa byggingar og mannvirki sem starfsemi svæðisins krefst, svo sem vegna skógræktar og þess háttar...”

Kaflí 3.2.10, bls. 59-60 (eftir breytingu):

“...Auk þess, sem að framan greinir, er heimilt að reisa byggingar og mannvirki sem tengjast skipulagðri útivistar- og frístundaíöju innan græna trefilsins, sbr. nánari ákvæði aðalskipulags viðkomandi sveitarfélags. Skilgreina skal slík svæði sem opin svæði til sérstakra nota, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.br. í aðalskipulagi og tilgreina skal sérstaklega hverskonar nýting er fyrirhuguð á svæðinu. Það er skýrt skilyrði að ekki verði tekið land undir slíka starfsemi umfram það sem nauðsyn ber til og að ekki verði reistar byggingar og mannvirki sem spilla umhverfinu. Enn fremur er heimilt að losa tímabundið ómengaðan jarðveg innan græna trefilsins enda sé frekari grein gerð fyrir afmörkun og frágangi losunarstaða og tímamörkum losunar í aðal- og deiliskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Leitast skal við losa jarðveg á svæðum þar sem uppgræðsla er þörf og að losun valdi ekki spjöllum á svæðum með verndargildi. Landmótun og frágangur slíkra staða skal taka mið af markmiðum svæðisskipulagsins um græna trefillinn sem útivistar- og skógræktarsvæði. Að lokum skal vera leyfilegt að reisa byggingar og mannvirki sem tengjast skógrækt og öðrum ræktunarframkvæmdum...”